



UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Fjárhagsáætlun starfshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu 2024

Vísað er til bréfs svæðisskipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins, dags. 20. september 2023, þar sem lögð er fram tillaga að fjárhagsáætlun 2024 vegna verkefna samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu sem er lagt til að verði samþykkt en stjórn SSH hefur þegar samþykkt fyrir sitt leyti fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

Lagt er til að á árinu 2024 verði framlög vegna reksturs grunnvatns- og rennislíkans aukin um 1 m.kr. eða um 7,14% vegna verðlagsbreytinga og aukins umfangs verkefna vegna líkansins. Kostnaðaráætlun fyrir borun rannsóknarhola er óbreytt frá fyrri kostnaðaráætlun en lagt er til að samþykkt verði aukin framlög vegna kostnaðar við óvissuálag vegna leyfismála í ljósi þess að sækja þarf aftur um leyfi vegna framkvæmdarinnar þar sem hún komst ekki á á árinu 2023. Þá kemur fram að fyrirséð er að kostnaður vegna verkefnastýringar muni hækka vegna aukinna krafna Umhverfisstofnunar um eftirlit á framkvæmdasvæði. Er heildarhækkunin 14.916.908 m.kr. eða 5,96%.

Samkvæmt greiðsluskiptingu milli sveitarfélaga vegna nefndra verkefna er gert ráð fyrir að heildarkostnaður Reykjavíkurborgar fyrir árið 2024 verði 158.681.518 kr. sem er hækkun um 9.013.987 kr. frá áætlun ársins 2023 og er gjaldfært á Orkuveitu Reykjavíkur.

Stjórn SSH hefur samþykkt fyrir sitt leyti fjárhagsáætlunir samráðshópsins og gerir fjármála- og áhættustýringarsvið ekki athugasemdir við hana.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs